

Ed.

590. Breytingartillögur

[182. mál]

við frv. til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Síðasti másl. 2. gr. orðist svo:

Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og/eða þeirra aðila annarra, sem hlut eiga að máli.

2. Síðasti másl. 3. gr. orðist svo:

Sé tryggingarskyldu ekki fullnægt með þessum hætti, skal henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs, er úrskurðaraðili skv. 2. gr. visar til, og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrissjóð.

3. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Sé ekki greitt iðgjald vegna einhvers starfandi manns í lífeyrissjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, að minnsta kosti 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda, hvort sem hann er dagvinnulaun, kaupviðmiðun eða heildarlaun, eftir því sem kveðið er á um í reglugerðum eða lögum, eða af reiknuðu endurgjaldi fyrir starf við eigin rekstur sjálfstæðra atvinnurekenda skv. 2. mgr. 1. fl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. gr. sömu laga, skal greiða það sem á vantar til lífeyrissjóðs. Greiðslur skulu vera í samræmi við reglur viðkomandi manns. sbr. ákvæði 2. og 3. gr. þessara laga, eða samkvæmt ábendingu úrskurðaraðila skv. 2. gr. Heimilt er að selja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð, m. a. um stofn iðgjalda og hámark fyrir greiðslu iðgjalda.